



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 5. febrúar 2020



Níundi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 5. febrúar 2020 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll:

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Uppgjör 2019
AÞ kynnti drög af bráðabirgðaruppgjöri 2019.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. EM í handbolta
GBO renndi yfir nýafstaðið Evrópumót. Mikil ánægja er með ferðina en allt utanumhald gekk frábærlega og fjöldi áhorfenda frá Íslandi vakti mikla athygli. Liðin stóð undir markmiðum og stendur sigurinn á móti Danmörku þar upp úr. Skoða þarf leiðir til að styrkja líkamlegt atgervi leikmanna sem og sálræna þáttinn.
 - b. Verkefni landsliða framundan
A landslið karla er með boð frá Spáni um leiki í apríl. Þá er undankeppni HM í júní og dregið verður 9.mars. Í haust hefst svo undankeppni EM og verður dregið í apríl. Ísland verður í fyrsta styrkleika þar.
A landslið kvenna leikur 2 leiki við Tyrkland í mars í undankeppni EM og svo við Króatíu og Frakkland í maí.
 - c. EHF þing
Lokahelgina í janúar fór fram aukþing hjá EHF í Stokkhólmi. Ekkert markvert kom svo sem fram þar annað úthlutað var EM kvenna 2024 og kynnt voru fjárhagsuppgjör og framtíðarplön.
4. Merki HSÍ / Hugmyndavinna
Tilboð bárust bæði frá Vert og HN markaðssamskipti. Bæði tilboðin er áþekk og fyrirtækin bæði spennandi. JVS og RG fá heimild til að ganga frá samningum varðandi þetta.
5. Erindi frá Herði varðandi uppgjör bikarleiks
Stjórn HSÍ tók málið fyrir og staðfestir niðurstöðu mótanefndar. Jafnframt beinir stjórn því til mótanefndar og laganeftar að endurskoða reglur um kostnaðarskiptinu í bikarkeppni.
6. Búningamál HSÍ
Samningur liggur á borðinu frá Kempa sem gengið verður frá í vikunni.
7. Starfsmannamál HSÍ
Ráðið verður í mótastjórstöðu með vorinu en Alfreð lætur af stöðum í vor. Þá mun Gunnar Magnússon koma í aukið starf hjá HSÍ og taka að sér yfirumsjón með fræðslu- og útbreiðslumálum.



8. Ársþing HSÍ og formannafundur

Formannafundur HSÍ verður 25. Febrúar og ársþing HSÍ verður 25. Apríl.

9. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður mánudaginn 2. mars kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari